



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/469

komudagur 4.12.2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. desember 2003
Tilv. FLE 22-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 32. mál, ferðakostnaður.

Með bréfi dags. 12. nóvember 2003 óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 3. desember 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Sigurður B. Arnþórsson, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 32. mál, ferðakostnaður.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Að fenginni umsögn skattanefndar FLE tók álitsnefnd FLE málið fyrir á fundi sínum í dag.

Fyrir lá svohljóðandi umsögn skattanefndar FLE:

“130. löggjafarþing 2003-2004 þskj. 32 – 32. mál.

Skattanefnd FLE gerir nokkrar athugasemdir við framangreint frumvarp.

Í fyrsta lagi má nefna að í 1.gr. frumvarpsins er talað um matsreglur ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri setur ekki matsreglur lengur heldur er það fjármálaráðherra að fengnum tillögum ríkisskattstjóra sbr. 118.gr. laga nr. 90/2003. Þessi breyting var gerð á lögum um tekju- og eignarskatt með lögum nr. 152/2002.

Ákveðins misskilnings gætir hjá flutningsmönnum frumvarpsins og kemur hann fram í greinargerð með því. Í greinargerðinni er sagt að frádráttarheimildin gildi ekki um þá sem fá útlagðan kostnað greiddan í formi ökutækjastyrkja enda séu slíkar greiðslur frádráttarbærar skv. 1.tölul.A-liðar 1.mgr.30.gr. Bæði í matsreglum fjármálaráðherra og í reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu kemur hins vegar skýrt fram að frádráttur á móti ökutækjastyrk á ekki við um akstur á milli heimilis og vinnustaðar en það virðist vera sá akstur sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að veittur verði frádráttur út á. Með öðrum orðum, þá er ökutækjastyrkur sem greiddur er vegna akstur á milli heimilis og vinnustaðar ekki frádráttarbær skv. 1.tölul. A-liðar 1.mgr.30.gr. laga nr. 90/2003 þó menn þurfi að sækja vinnu um langan veg.

Þá er engin sérstök útfærsla sett fram í frumvarpi þessu og býður það upp á misnotkun á því. Þá er hætt við að viðmiðunarmörkin séu það lág að margir falli undir ákvæðið. Miðað við 120.000 kr. lægri mörkin gæti til að mynda stór hluti íbúa Höfuðborgarsvæðisins notið frádráttar enda þyrfti einungis að aka á annan tug kílómetra á dag til að ná lágmarkinu sé miðað við matsreglur fjármálaráðherra um frádrátt á móti ökutækjastyrk.”

Álitsnefnd er sammála umsögn skattanefndar FLE.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Sigurður B. Arnþórsson

Þórunn H. Ólafsson

Guðrún Óskarsdóttir

Sigrún J. Gunnarsdóttir